

Haraldur Birgir Haraldsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsveg 1-3  
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. janúar 2014  
Tilvísun: UST20131100147/ksj

## **Tillaga að deiliskipulagi fiskeldisstöðvar að Galtalæk Landsveit**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi fiskeldisstöðvar að Galtalæk í Landsveit. Svæði fiskeldisstöðvarinnar hefur ekki verið deiliskipulagt áður.

### **Staðsetning og lóð**

Í greinargerð með deiliskipulagstillöggunni kemur fram að lóð íslenskrar Matorku er 2,400 m<sup>2</sup> að stærð og liggur meðfram Galtalæk. Einnig kemur fram að í dag fer fram áframeldi bleikju, en seiðin koma 70 -100 g að stærð frá seiðaeldi í Fellsmúla og að á lóðinni eru ker fyrir fiskeldi og geymsluskúr. Frárennsli frá fiskeldinu rennur í Galtalæk. Allur aðgangur inn á lóð er bannaður. Lóð fiskeldisstöðvarinnar er skilgreind í deiliskipulagstillöggunni sem iðnaðarlóð. Frárennsli frá stöðinni rennur í dag út í Galtalæk.

### **Tillaga að deiliskipulagi**

Deiliskipulagstillagan nær til afmörkunar lóðar, svæðis fyrir geymslugáma, geymsluskúrs. Einnig er gert ráð fyrir í tillöggunni að girðing og hlið verði sett á lóðarmörk, svo loka megi svæðinu fyrir óviðkomandi.

### **Umhverfisþættir**

Í greinargerð kemur fram að þynning frárennslis út í Galtalæk sé talin það mikil að það hafi ekki áhrif á læki fyrir neðan stöðina. Einnig kemur fram að í Galtarlæk og Tangarvatni er sleppifiskur ýmist urriði eða bleikja, en veiðileyfi eru seld og er það hluti af ferðaþjónustunni.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að frárennsli sé vaktað svo það beri ekki með sér mengun. Umhverfisstofnun bendir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda vatn og vatnskerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Nú hefur verið birt stöðuskýrslu um ástand vatnamála og síðan verður hafin vinna við gerð vatnaáætlunar í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög. Umhverfisstofnun bendir á að mengun eykur álag á ár og læki á svæðinu.

## Niðurstaða

Ljóst er að svæðið sem fiskeldisstöðin að Galtalæk er staðsett á hefur verið sléttan og skipt hesur verið um jarðveg. Fram kemur í greinargerð að ekki sé rými fyrir aðgengi fyrir almenning milli Galtalækjar og fiskeldiskerja eins og skipulagsreglugerð gerir ráð fyrir, og telur Umhverfisstofnun það miður. Mikilvægt er að frárennsli frá stöðinni og þynning þess sé vaktað svo ekki sé hætta á að mengun berist í læki og ár frá stöðinni m.a. til að koma í veg fyrir ofauðgun. Tekið verður á mælingum og vöktun í starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina.

Virðingarfullst

Kristín S Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

A. Birna Guðr.

Aðalbjörg B Guttormsdóttir

Teymisstjóri

Skipulagsstofnun